

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
setningu 10 ára afmælisþings styrktarfélagsins Göngum saman.
Haldið í Veröld, húsi Vigdísar föstudaginn 6. október 2017 kl. 15**

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og verndari styrktarfélagsins *Göngum saman*, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að fá að segja fáein orð hér við upphaf þessa 10 ára afmælistímings styrktarfélagsins *Göngum saman*.

Göngum saman eru merkileg samtök fyrir margra hluta sakir. Eins og kunnugt er má rekja upphaf samtakanna til grasrótastarfs hóps íslenskra kvenna sem undir forystu Gunnhildar Óskarsdóttur, dósents við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, héldu utan til Bandaríkjanna til að taka þátt í skipulegri göngu í New York fyrir réttum 10 árum – haustið 2007 – en markmið göngunnar, sem haldin var víðsvegar um Bandaríkin, var að afla fjár fyrir rannsóknir og meðferð á brjóstakrabbameini. Þegar heim var komið ákváðu þessar vöskur konur að standa fyrir sams konar göngu á Íslandi strax sama ár. Og þar með var tónninn sleginn því á þeim áratug sem liðinn er frá göngunni örlagaríku hafa frumkvöðlarnir í *Göngum*

saman verið óstöðvandi og allan tíman byggt á þessu tvennu – að leggja grunnrannsóknunum á sviði heilbrigðisvísinda lið með öflun fjár og að standa um leið fyrir hollri hreyfingu, upplýsingu og uppbyggilegum samskiptum.

Þegar *Göngum saman* var stofnað fyrir 10 árum var þessi hugsun – að grasrótarsamtök beiti sér fyrir því að styrkja grunnrannsóknir – alveg ný hér á landi. Fjöldmörg dæmi eru um að félagasamtök safni fyrir tækjum og munum, en þessi nálgun var djörf og ný. Tilraunavísindi geta virst býsna fjarlæg almenningi og árangurinn af þeim er iðulega ekki jafn áþreifanlegur og þegar hagnýtar rannsóknir eiga í hlut. En slík vísindi, sem stjórnast ekki af öðrum hagsmunum en leitinni að þekkingu og því sem sannast reynist, eru forsenda framþróunar. *Göngum saman* hafa gert sér far um að brúa þetta bil á milli grunnrannsóknna og hagnýtra rannsóknna, t.d. með því að gangast fyrir opnu húsi á rannsóknastofum tilraunavísindafólks og um árabíl hafa samtökin staðið fyrir skipulegri göngu á mæðradaginn með þátttöku vísindamanna sem hafa sett upp veggspjöld, komið með smásjár og önnur rannsóknatæki og átt samtál við hinn almenna félagsmann og velunnara.

Og árangurinn hefur sannarlega ekki látið á sér standa. Frá stofnun hefur *Göngum saman* látið hvorki meira né minna en 70 milljónir króna af hendi rakna til eflingar grunnvísinda við Háskóla Íslands og Landspítalann, mikilvægustu samstarfsstofnun hans, og aðrar tengdar stofnanir – og hér á eftir verða veittar 10 milljónir króna til viðbótar. Styrkþegar hafa verið framhaldsnemar, meistara- og doktorsnemar, auk vísindamanna við áðurnefndar stofnanir. Þessir fjármunir hafa reynst ómetanlegt framlag til frjálsrar þekkingarleitar í þágu betra lífs. Fyrir þetta starf samtakanna *Göngum saman* ber að þakka - fyrir það erum við stolt og þakklát.

Góðir gestir. Það er merkileg tilviljun að þetta afmælisþing skuli bera upp á 6. október – daginn sem íslenska bankakerfið hrundi fyrir 9 árum. Þessi staðreynd minnir okkur á hversu mikils virði hin uppbyggilega hugsjón *Göngum saman* er. Fyrir hönd Háskóla Íslands vil ég einlæglega þakka fyrir það öllum sem tekið hafa þátt í starfi samtakanna.

Ég segi afmælisþing styktarfélagsins *Göngum saman* sett. Takk fyrir.